

Ed.

373. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Flm.: Ólafur Björnsson, Guðmundur Karlsson.

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsgrein:
Þrátt fyrir ákvæði síðustu málsgreinar gildir þetta bann ekki fyrir árin 1979 og 1980, enda kveði reglugerð á um að möskvastærð í allri dragnótinni sé 170 m/m.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veturinn 1976 var lagt fram á Alþingi frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Frumvarp þetta var að mestu byggt á undirbúningsvinnu fiskveiðilaganefndar, sem starfaði frá ársbyrjun 1975 og lauk störfum í ársbyrjun 1976. Nefnd þessi hafði mjög víðtæk samráð við hagsmunaaðila um land allt og Hafrannsóknastofnun.

Í engu af því, sem nefndin fékk til skoðunar, var rökstutt, að sérstakar reglur ættu að gilda um Faxaflóa. Hins vegar lagði Hafrannsóknastofnunin og margir fleiri áherslu á að nýta bæri skarkolastofninn, m. a. með því að leyfa dragnótaveiði í Faxaflóa. Samkvæmt því gerði nefndin víðtækar tillögur að reglugerð um dragnótaveiðar, sem að sjálfsögðu tóku til Faxaflóa. Í tillögunum var reiknað með að möskvinn í dragnót yrði stækkaður í 165 m/m. Reyndin varð sú, að möskvinn í dragnót var stækkaður í 170 mm í poka, en eftir tillögum nefndarinnar varðandi veiðisvæði og tíma hefur lítið verið farið.

Nú þegar fyrir liggur að draga verður verulega úr sókn í þorsstofninn, er enn meiri ástæða til þess að nýta skarkolann en fyrr. Þá er það ljóst, að skarkolastofninn er aðeins hálfnýttur. Við það bætist, að mikill hluti af því, sem veitt er, er veitt á þeim tíma, sem kolinn er rýrastur og gefur minnstan arð. Skarkolinn verður ekki nýttur af viti, nema leyft sé að veiða hann þar sem hann heldur sig þegar hann er í besta ástandi. Eigi að nýta skarkolann á næsta sumri þarf að hefja undirbúning sem allra fyrst.

Á markað er komin vél til þess að flaka kola með miklu betri árangri en áður hefur þekkst, en það stuðlar að meiri hagkvæmni í vinnslu og væntanlega hærra verði fyrir kolann til veiðiskipanna. Koli, sem er heilfrystur, er fyrir fram dæmdur til þess að verða annars flokks vara, hversu góður sem hann kemur á land.

Þá er rétt að geta þess, að næstu daga er væntanleg ný reglugerð um möskvastærð í dragnót, sem mun ákveða, að öll nótin sé úr 170 m/m möskva, en það mun útiloka þá misnotkun, sem brögð hafa verið að við notkun dragnótar, þ. e. að hnýta fyrir ofan við pokann.

Leyfi til dragnótaveiða eru veitt til þess að nýta vannýttan skarkolastofn. Þess vegna ætti að setja reglugerð um hvað eina, sem viðkemur veiðunum, m. a. hve mikið má vera af öðrum fiski í aflanum.

Brot á reglugerð varðandi veiðarnar ætti að varða sviptingu veiðileyfis.